

Uppbygging Reykjavegar í Bláskógabyggð miðar vel

Framkvæmdir við enduruppbyggingu Reykjavegar í Bláskógabyggð ganga vel. Í síðustu viku var brúargólfð yfir Fullsæl steipt og stýttist í að umferð verði hleypt á nýju brúna, en hún mun leysa þá gömlu af hólmi sem er fyrir löngu búin að skila sínu hlutverki. Síðustu daga hefur vinna við fyrri lagningu af bundnu slitlagi staðið yfir. Í þessum áfanga er lagt á stóran hluta vegarins eða um þrjá fjórðu en þess má geta að vegurinn er um 6 km langur. Vegurinn mun fullklárast næsta sumar. Mikil gleði er með þann hluta vegarins sem búið er að leggja slitlag á en vegurinn er hinn glæsilegasti, beinn og breiður og allur frágangur til mikillar fyrirmyndar en þjótandi er aðalverktaki verksins. Mikil eftirvænting er í Bláskógabyggð eftir að vegurinn fullklárast en hann mun gjörbreyta tengingum innan sveitarfélagsins en búið er að berjast fyrir endurbótum á veginum í mörg ár.



Fremst á myndinni er „gamli“ Reykjavegurinn sem er barn síns tíma.



Endurbætur ganga vel í haustbliðunni í Bláskógabyggð



Brúin yfir Fullsæl verður tvíbreið, til hliðar má sjá gömlu brúna sem er fyrir löngu búin að skila sínu hlutverki.



Fjallasýnin og náttúran mun njóta sín vel af beinum og breiðum Reykjaveginum.

Pop-up sýning í Listasafni Árnesinga

Skemmtileg pop-up sýning er nú í Listasafni Árnesinga í samstarfi við List án landamæra og Sólheima í Grímsnesi. Við litum við í Listasafni Árnesinga og hittum Birtu Guðjónsdóttur listrænan stjórnanda Listar án landamæra. „Sem listrænn stjórnandi Listar án landamæra, listahátíðar fatlaðra, sem stofnuð var árið 2003 og hefur verið starfandi sleitulaust og árlega síðan, er mjög ánægjulegt að fá tækifæri til að starfa með Listasafni Árnesinga og Sólheimum og listakonunum Pálínu og Elfu og þeirra leiðbeinendum, að því að leyfa gestum safnsins að njóta listfengis þeirra og hugarheims. Þær eru einstakir listamenn og mér finnst mjög líklegt að andi gesta safnsins muni lyftast enn herra yfir sýningu þeirra í



safninu,“ sagði Birta þegar hún var að stilla upp verkum þeirra Pálínu Erlendsdóttur og Elfu Bjarkar Jónsdóttur.

Hlýlegt kaffihús og safnabúð

Það fyrsta sem maður tekur eftir þegar komið er í Listasafn

Árnesinga er að búið er að gera lítið kaffihús með dálitlu úrvali ásamt því að komin er lítil verslun með hönnunarvörum. Það er því tilvalið að kíkja við í Listasafni Árnesinga, fá sér hressingu og njóta listarinnar og skoða verslunina.

Hopp-rafskútur í Árborg?

Frístunda- og menningarnefnd í Árborg fékk kynningu á Hopp-rafskútum og möguleikanum á því að setja upp slíkt fyrirkomulag í Sveitarfélaginu Árborg. Í bókun nefndarinnar kemur fram að nefndin þakki fyrir kynninguna og tekur undir að um áhugavert tækifæri gæti verið að ræða með því að setja upp slíka starfsemi í sveitarfélaginu. Aðkoma nefndarinnar verður þó ekki meiri á málinu, en forvitnilegt verður að sjá hvort slík starfsemi komi í sveitarfélagið.

Byggt fyrir íslenska veðráttu

Hopp-skúturnar eru samkvæmt rekstraraðilum byggðar fyrir íslenska veðráttu. Þá virkar Hopp einfaldlega þannig að þú leitar að næsta lausa hjóli í sérstöku smáforriti. Með sama forriti er hægt að aflæsa hjólinu og getur svo farið þinn veg. Þá leggur þú því þar sem þú þarft og næsti maður getur tekið við. Þetta gæti verið skynsamleg viðbót við þær samgöngur sem í boði eru innan sveitarfélagsins. Rétt er þó að geta þess að þjónustan er fyrir 18 ára og eldri!



Fáðu fagmann í verkið

20 ára
2000-2020

PÍPULAGNIR HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyraveg 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



MENNINGAR- MÁNUÐURINN OKTÓBER 2020

Fjölbreyttir viðburðir fyrir alla aldurshópa

Tónleikar, sýningar, sögukvöld, menningargöngur, listasmiðjur og margt, margt fleira.

Nánar um dagskrá menningarmánaðarinnar í viðburðadagatali sveitarfélagsins.

www.arborg.is/vidburdalisti



UNDRALAGNIR
ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA

SÍMI 8484768
UNDRALAGNIR@GMAIL.COM
JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAÞEISTARI

Það eru
64 DAGAR
til jóla



Hrós vikunnar

Bjarni D. Daníelsson
er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Bjarni D. Daníelsson

Hrós vikunnar fá hjónin Pálmi Hilmarsson húsvörður ML og Erla Þorsteinsdóttir, stoð og stytur, ekki bara fyrir fyrir nemendur skólans heldur samfélagsins alls hér á Laugarvatni. Undanfarið hafa þau verið að færa okkur gleði og ljós á hverjum degi með sérstaklega skemmtilegri útgáfu á fésbókar-armbeygjuáskorun sem er áttak til að vekja athygli á og opna umræðu um geðsjúkdóma.

Bjarni D. Daníelsson

Ég skora á Pálma og Erlu að koma með hrós vikunnar.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Pálmi og Erla, þið sendið okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Hulduhúfa

Vetur nálgast og þá er gott að eiga hlýja húfu. Uppskriftin að þessu sinni er af húfu sem þrjónuð er úr Zenta frá Permin, dásamlegu garni sem er blanda af ull, silki og nyloni. Garnið er einkar áferðarfalllegt og fæst í mörgum dásamlegum litum. Kanturinn neðst er þrefaldur og þannig verður húfan sérlega skjólgóð.

Stærðir S-M-L


Efni: 1-1-2 dk Zenta í aðallit og 1-1-1 dk í mynsturlit, 40 sm hringþrjónn no 3,5, sokkaprjónar no 3,5, eitt þrjónamerki.

Uppskrift:

Fitjið upp 104-112-120 l með aðallitnum og þrjónið brugðning 1 sl, 1 br, alls 15 umferðir. Þrjónið eina umferð brugna og þrjár umferðir sléttar. Þrjónið nú samkvæmt mynsturteikningu þar sem grái liturinn sýnir mynsturlit. Að mynstri loknu eru þrjónaðar 3 umf sl og ein umferð brugðin. Þrjónið aftur brugðning 1 sl, 1 br, alls 17 umferðir.

Hvolfið nú stykkinu um þrjóninn þannig að réttan snúi inn og haldið áfram með slétt þrjón, takið fyrstu lykkjuna óþrjónaða af og tosið vel í bandið þannig að ekki myndist gat. Þrjónið nú slétt þar til slétti kaflinn mælist 9-10-11 sm. Þrjónið þá eina umferð brugðna.

Þá er komið að úrtöku. Setjið merki við upphaf umferðar og þrjónið 1-2-3 umferðir sléttar. *Þrjónið 6 l sl, takið næstu l óþrjónaða, þrjónið næstu l sl og steypið óþrjónuðu l yfir* Endurtakið ** út umferðina. Þrjónið 2 umf sléttar. *Þrjónið 5 l sl, takið næstu l óþrjónaða, þrjónið næstu l sl og steypið óþrjónuðu l yfir* Endurtakið ** út umferðina. Þrjónið 2 umf sléttar. Skiptið yfir á sokkaprjóna þegar lykkjum fer að fækka. Endurtakið þessar úrtökur með 2 sléttum umferðum á milli þar til 13-14-15 l eru eftir á þrjónunum. Þrjónið þá 2 og 2 saman með sama hætti. Klippið endann frá og þræðið í gegnum lykkjurnar sem eftir eru.



Fyrsti brugðningur er brotinn inn undir mynsturbekkinn þannig að húfan verður þreföld yfir eyrun.

Gangið frá endum, skolið úr mildu sápuvatni og leggið til þerris

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Ingó Veðurguð gerir góða hluti á Stöð tvö



Ingó Veðurguð hefur verið að gera góða hluti á skjánum með þættina *Í kvöld er gíg*. Í þáttunum fær Ingó til sín skemmtikrafta sem saman telja í sannkallaða gleðistund. Jón Viðar Jónsson, gagnrýnandi, er ekki vanur að liggja á skoðunum sínum en í umsögn um þættina segir hann: „Þessir þættir með Ingólfi Þórarinssyni, Ingó Veðurguði, sem eru á eftir fréttum Stöðvar 2 á föstudögum, eru eitt besta efni sem íslenskt sjónvarp býður upp á um þessar mundir. Flottir músikantar skemmta sér og áhorfendum með liflegum samræðum milli þess sem þeir flytja fjölbreytta og oft hugljúfa músík. Fin upplýfting í faraldrinum.“ Þar hafið þið það. Nú er ekkert annað að gera en að stilla á Stöð 2 og fylgjast með í kófinu.

SEGÐU FRÁ - Sameiginleg rafræn gátt vegna ofbeldis

Sameiginleg rafræn gátt vegna ofbeldis fyrir þolendur, gerendur og aðstandendur var formlega tekin í notkun 15. október sl. Í henni felst að vef 112, 112.is, er breytt til að verða allsherjar upplýsingatorg um allt sem viðkemur ofbeldi, ásamt því að opnað verður á beint samtal við neyðarverði í netspjalli 112. Með sameiginlegri rafrænni gátt vegna ofbeldis er allt ferli sem miðar að aðstoð einfaldað, upplýsingar um hvað ofbeldi er gerðar aðgengilegar og boðið upp á úrræði til lausnar.

Neyðarnúmerið 112 gegnir

lykilhlutverki á Íslandi til að koma til hjálpar hratt og örugglega til þeirra sem þess þurfa. Á vefsíðunni 112.is og í neyðarnúmerinu 112 er tekið á móti slíkum beiðnum og þau úrræði sem henta best virkjuð samtundis.

Hin rafræna gátt 112 um ofbeldi er ein af megintillögum aðgerðateymis gegn ofbeldi sem Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra skipuðu til að stýra og samræma aðgerðir gegn ofbeldi á tímum efnahags-

þrenginga og áfalla. Teyminu er stýrt af Sigríði Björk Guðjónsdóttur, ríkislögreglustjóra og Eygló Harðardóttur. Jafnframt hefur Neyðarlínunni verið falið að skipuleggja vitundarvakningu um ofbeldi í samfélaginu þar sem fólk er hvatt til að segja frá ofbeldi og leita aðstoðar hjá 112.

Verkefninu var hrundið af stað fyrir 10 vikum og mun þróun gáttarinnar halda áfram. Bætt verður við greiningartóli



sem hjálpar fólki að átta sig á hvort um ofbeldi sé að ræða og það leitt beint að viðeigandi úr-

ræðum. Unnið er að því að þýða síðuna á ensku og pólsku.

Íslenskt grænmeti í áskrift
Beint frá bónda

Grænmetiskassi #1
Kassi fyrir 2 - 2490kr

Grænmetiskassi #2
Kassi fyrir 4 - 3990kr

Grænmetiskassi #3
Kassi fyrir 6 - 5650kr

Afhent á Selfossi alla miðvikudaga milli 16:30-17:30
Fyrir frekari upplýsingar hafið samband í S:694-6768
litlamelabudin@gmail.com www.litlamelabudin.is

Framtíðin í Odda

Á næstu árum verður mikið um að vera í Odda á Rangárvöllum, einu sögufrægasta höfuðbóli Suðurlands. Fornleifauppgröftur hefst að nýju næsta sumar, en þar hafa stórmerkar minjar þegar fundist, eins og manngerður hellir frá 10. öld og ýmsir gripir.

Haustráðstefna

Í lok nóvember er að vænta tíðinda af rannsóknnum fræðimanna á starfi Sæmundar fróða Sigfússonar og hinna merku Oddaverja. Þá verður fyrsta haustráðstefna Oddarannsóknarinnar haldin þar sem fræðimenn skýra frá rannsóknnum sínum á kirkju- og valdamíðstöð í Odda, námi Sæmundar fróða o.fl. Streymt verður frá ráðstefnunni, en nánari tímasetning verður auglýst síðar.

Vertu félagi

Styrktu spennandi rannsóknir og taktu þátt í að móta framtíðina á einum merkasta sögustað Suðurlands.

Skráðu þig á www.oddafelagid.net


Árgjald er aðeins kr. 2.000,-

ODDAFÉLAGIÐ

félag um menningar- og fræðasetur í Odda

Stofnað 1990 - www.oddafelagid.net

TIL SÖLU



LITLA HOF
www.litlahof.is

822 1717
ingi@jarnprydi.is

Litla Hof er staðsett við Eystri Rangá í Rangárpingi ytra. Vegalengd frá Reykjavík er 96 km.

Íbúðarlóðirnar/sumarbústaðalóðirnar eru stórar og þar af leiðandi er byggingarmagn mikið. Heildar byggingarmagn er allt að 600 fm og heimilt að reisa sex hús að hámarki á hverri lóð. Lóðirnar eru eignarlönd en hægt er að sækja um lögheimili. Nú þegar eru komnir vegir, kalt vatn og ljósleiðarar að lóðamörkum.

Stutt er í alla þjónustu á Hellu eða Hvolsvelli, til að mynda matvöruverslanir, sundlaugar, lækniþjónusta, vínbúð, byggingavöruverslanir og veitingastaðir. Hella er 14 km frá og Hvolsvöllur er 11 km frá Litla Hofi. Golfvöllur er á Strönd, 8 km frá Litla Hofi.

Helstu náttúruperlur sem eru nálægar eru til að mynda Fjallabak, Hekla, Tindfjallajökull, Þórsmörk, Landmannalaugar, Vestmannaeyjar, Seljalandsfoss, Fjallabaksleið syðri, Njáluslóðir o.fl.

Húsdýrahald er heimilt á lóðunum.

Opið bréf til sveitarstjórnar Rangárþings eystra

Í kjölfar innleiðingar á nýrri persónuverndarlöggjöf árið 2018 voru þær skyldur settar á sveitarfélög landsins að ráða til sín persónuverndarfulltrúa til starfa fyrir sín sveitarfélög til þess að sinna innra eftirliti, upplýsa og ráðleggja vegna persónuverndarlöggjafarinnar, veita ráðgjöf við framkvæmd mats á áhrifum persónuverndar og vera tengiliður við einstaklinga og Persónuvernd. Samkvæmt lögunum skal persónuverndarfulltrúi búa yfir hæfni og sérþekkingu á innlendum og evrópskum persónuverndarlögum og getu til að efla persónuverndarmenningu hjá viðkomandi stofnun/fyrirtæki. Augljóst er á ofangreindu að erfitt er að finna slíkan aðila innan hvers sveitarfélags sem uppfyllir slík hæfniskilyrði svo það er fullskiljanlegt að mörg fámenn sveitarfélög landins hafa tekið til þessa ráðs að ráða til sín persónuverndarfulltrúa annars staðar frá sem hafa sinnt slíkri þjónustu úr fjarlægð með aðstoð fjarskiptabúnaðs.

Undirrituð flutti í sveitarfélagið ásamt fjölskyldunni sinni sumarið 2018 þá nýlega útskrifuð frá Háskólanum í Osló með LL.M-gráðu í upplýsingartæknirétti. Hefur þar að auki lokið B.A. í lögfræði frá Háskólanum á Akureyri. Í ljósi þess að atvinnutækifærin fyrir lögfræðing með sérhæfingu í upplýsingatæknirétti voru ekki á hverju strái hér á svæðinu hóf undirrituð störf hjá ERA, ráðgjafafyrirtæki sem er til húsa í Reykjavík, haustið 2018 og hefur sinnt að mestu leyti í fjarvinnu sökum fjarlægðar. ERA er ráðgjafafyrirtæki sem sérhæfir sig í upplýsingatæknirétti; persónuvernd, rafrænum viðskiptum, rafrænum undirskriftum, samningagerð og fyrirtækjarétti almennt.

Undirrituð ákvað síðan í samstarfi við ERA að kanna áhuga Rangárþings eystra á að ráða undirritaða til sín sem persónuverndarfulltrúa og setti sig í samband við fyrrum sveitarstjóra sveitarfélagsins síðsumars 2019 sem tók vel í erindið. Fyrrum sveitarstjóri sagði jafnframt að það væri margfaldur

ávinningur fyrir sveitarfélagið að hafa persónuverndarfulltrúa með fasta viðveru á skrifstofu sveitarfélagsins og óskaði eftir því að undirrituð myndi setja saman tilboð um þjónustu persónuverndarfulltrúa sem yrði svo lagt fyrir sveitarstjórn. Undirrituð skilaði inn tilboði 22. júlí 2019 sem lagði áherslu á fasta viðveru á skrifstofu sveitarfélagsins í þeim tilgangi að efla til muna persónuverndarmenningu sveitarfélagsins með aukinni fræðslu til allra starfsmanna sveitarfélagsins. Samkvæmt tölvupóstssamskiptum undirritaðar við fyrrum sveitarstjóra dróst afgreiðsla málsins eitthvað á langinn fram eftir hausti en svo skyndilega hættu svör að berast frá fyrrum sveitarstjóra og af fundargerðum sveitarstjórnar Rangárþings eystra haustið 2019 er ekki að sjá á tilboðið hafi verið kynnt eða tekið efnislega til meðferðar hjá sveitarstjórn.

Fimmtudaginn 1. október 2020 barst undirritaðri svo tölvupóstur frá sveitarstjóra sem í stóð að Rangárþing eystra sé að endurskoða samning sinn um þjónustu persónuverndarfulltrúa og hafi undirrituð enn áhuga á málinu hefði undirrituð kost á því að leggja inn tilboð, í seinasta lagi mánudaginn 5. október. Undirrituð þakkaði fyrir póstin og sendi svo tilboð til sveitarstjóra mánudaginn 5. október. Sveitarstjórnin hefur enn ekki svarað því tilboði en samkvæmt fundargerð sveitarstjórnar fimmtudaginn 8. október kemur fram að sveitarstjórn óski eftir því samhljóða að sveitarstjóri gangi frá samningi um þjónustu persónuverndarfulltrúa við núverandi þjónustuaðila sem er Dattaca Labs, til húsa í Reykjavík. Ekki er að sjá á fundargerðinni að tilboðið frá undirritaðri hafi verið kynnt eða tekið til efnislegrar meðferðar hjá sveitarstjórn.



Á herðum hvers sveitarfélags hvílir mikil ábyrgð um að kappkosta við að halda uppi stefnu og vilja um að halda störfum í heimabyggð, þegar sá möguleiki er fyrir hendi í stað þess að útvísta störfum til fyrirtækja utan sveitarfélagsins. Eru það mikil vonbrigði að sjá ekki meiri áhuga hjá sveitarstjórn Rangárþings eystra að halda störfum í heimabyggð og þar með efla og styrkja stöðir sveitarfélagsins. Verst þykir undirritaðri þó samskiptin sem hafa einkennst af virðingar- og samskiptaleysi gagnvart undirritaðri af hálfu sveitarstjóra og fyrrum sveitarstjóra Rangárþings eystra þar sem hvorugur hefur lagt það á sig að svara tilboði undirritaðar, sem ætla má að væri undirstaða góðra og eðlilegra samskipta og vinnubragða innan stjórnsýslunnar. Undirritaðri þykir þessi sveitarstjórnarvinnubrögð Rangárþings eystra vera afar slæg og veltur því hreinlega fyrir sér hvort þessi vinnubrögð séu einkennandi fyrir núverandi sveitarstjórn.

Virðingarfyllst,
Heiðbrá Ólafsdóttir,
lögfræðingur LL.M og íbúi
Rangárþings eystra.

82%

Sunnlendinga
lesa Dagskrána
í hverri viku*

*samkvæmt
Gallup-könnun
okt. - nóv. 2018



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er
Sigfús Davíðsson.

Takk fyrir Jón Ófeigur. Það verður að segjast að ég og mitt fólk urðum nokkuð hissa á þessari áskorun því ég er þekktur fyrir ýmislegt annað en stórafrek í eldamennsku. Reyndar er ég liðtækur grillari og skal bjóða þér í grill við tækifæri, það gengur ekki að þú hafir aldrei borðað hjá mér. Ég grilla oftast lambkjöt og kannski halda flestir að ég vilji lambkjöt í öll mál en það er mesti misskilningur. Mér finnst nauðsynlegt að borða fisk í hverri viku og ætla að deila með ykkur uppskrift að fiskrétti sem er reglulega á boðstólum á heimilinu.

Ofnbakaður fiskur með grænmeti

Matarolía
Rauðlaukur (eða venjulegur)
Ýsa eða þorskur í bitum
(mega vera frosnir)
Sítrónupipar
Aromat
Herbamate jurtasalt
Season all
Rauð eða gul paprika
Blandað frosið grænmeti
í poka
(gulrætur, blómkál og spergilkál)
Rifinn ostur

Sósa

1 askja af rjómaosti með pipar
1 klar teningur
Mjólk eða rjómi til að bræða
ostinn

Ég hef ósjaldan borðað hjá þeim heiðurshjónum Ingu Heiðars. og Guðmundi og það hefur aldrei klikkað. Ég skora á Guðmund að vera næsti matgæðingur. Hann er flinkur bakari, hefur unnið sem skipskokkur og var byrjaður í kokkanámi áður en hann lærði vélstjórn. Ég efast ekki um að hann komi með hugmyndir að einhverju ljúfmeti, hvort sem það verður matur, bakstur eða bæði.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is
uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19

Garðabær

harpa@harpautfor.is

harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673,
gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir,
sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.
Dagskráin kemur út á hverjum
miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar
berist í Prentmet, Eyraveggi 25,
Selfoss, fyrir hádegis á mánudögum.
Upplag: 8700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan
Helliðsleitar. Dagskráin er aðili að
samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Í gamla daga geymði ég Loka og galdra-korðann.
Á haustin gleypti ég heyjaforðann.
Á hraðri ferð ég kem að norðan.

Svar við gátu í blaði 2568: **HNAPPUR.**

1. lína: Geldingahnappur - 2. lína: Frjóhnappur
3. lína: Einkennishnappur

Sveitarfélagið Suðurland

– Íbúafundir

Frjá 13. desember 2019 hefur verkefnahópur á vegum sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps verið í könnunarviðræðum um sameiningu sveitarfélaganna fimm. Eitt af meginverkefnum hópsins er að draga saman kosti og galla sameiningar sveitarfélaganna. Vinnan hefur gengið mjög vel og þegar þetta er ritað hefur hópurinn fundað alls 13 sinnum. Að vísu hefur framgangur viðræðnanna dregist talsvert frá upphaflegum áætlunum vegna ástandsins í þjóðfélaginu á undanförunum misserum. En við Sunnlendingar erum úrræðagóð og höfum náð

Næsti áfangi í vinnu verkefnahópsins er að kynna niðurstöðu þeirrar miklu vinnu sem innt hefur verið af hendi fyrir íbúum sveitarfélaganna fimm og fá fram skoðanir þeirra og sjónarmið. Þetta er án efa einn af mikilvægustu þáttunum í öllu þessu ferli, þar sem sveitarfélögin eru, jú við íbúarnir, allir með tölu. Eitt af aðalmarkmiðum þessa funda er að heyra frá íbúum hvort þeir vilji að sveitarfélögin haldi áfram viðræðum sem munu þá að lokum enda með því að íbúar kjósi um sameiningu sveitarfélaganna. Eins og áður þetta árið þurfum við að leita nýrra leiða fyrir hluti sem áður þótti okkur sjálfsagðir



SVEITARFÉLAGIÐ SUÐURLAND

ágætis tókum á fjarfundum og öðrum tæknilegum lausnum sem eflaust á eftir að koma okkur til góðs, verði að sameiningu þessara sveitarfélaga í framtíðinni, þar sem um verður að ræða langstærsta sveitarfélag Íslands.

Starfshópar, aðallega skipaðir af starfsmönnum sveitarfélaganna, hafa nú skilað minnisblöðum til verkefnahópsins, þar sem hver hópur greindi núverandi stöðu málaflokka, kosti og galla og hverju sameining myndi breyta fyrir sveitarfélögin. Starfshóparnir voru um eftirfarandi málaflokka: Atvinnumál og byggðarþróun, eignir, veitur og fjárfestingar, fræðslu- og félagsþjónusta, menning-, frístund og lýðheilsa, samgöngu-, umhverfis- og skipulagsmál og síðast en ekki síst starfshópur um stjórnsýslu- og fjármál. Fyrir hönd verkefnahópsins vil ég koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra sem lögðu sitt af mörkum í hópunum og unnu gríðarlega mikilvæga vinnu fyrir sveitarfélögin öll.

eins og til dæmis íbúafundir í félagsheimilum. Þar sem það er ekki, að þekktum orsökum mögulegt í dag var ákveðið að íbúafundir yrðu rafrænir í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Ég hef fulla trú á því að það muni ganga vel og gefa öllum kost á því að taka þátt og koma sínum skoðunum á framfæri. Ef einhver er í vandræðum varðandi tæknina þá má alltaf nálgast aðstoð hjá sveitarfélögunum og að sjálfsögðu frá vinum og kunningjum.

Ég allavega hlakka mikið til að sitja við tölvuna á náttbuxunum með rjúkandi kaffibolla og eiga uppbyggilegt samtal við ykkur íbúa um verkefnið Sveitarfélagið Suðurland. Ég vona innilega að sem allra flestir íbúar sveitarfélaganna sjái sér fært að mæta og taka þátt í því að móta framtíð síns sveitarfélags.

Anton Kári Halldórsson,
oddviti Rangárþings eystra
og formaður verkefnahóps
Sveitarfélagsins Suðurlands.



Það var falllegur dagur föstudaginn 16. október sl. á Suðurlandinu. Á Hellu var hann nýttur til að lagfæra malbiksskemmdir og endurnýja tvær hraðahindranir sem voru orðnar lúnar.

VISS, vinnu- og hæfingarstöð á Selfossi óskar eftir að ráða leiðbeinanda



VISS, vinnu- og hæfingarstöð óskar eftir að ráða leiðbeinanda í 100% stöðu frá 1. nóvember nk., vinnutími frá kl. 8 -16. VISS er vinnustaður fyrir fólk með skerta starfsgetu í Sveitarfélaginu Árborg, þar sem unnið er eftir hugmyndafræði *Þjónandi leiðsögn* og *Sjálfstætt líf*. Leiðbeinandinn vinnur samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 auk tengdra reglugerða.

Meginverkefni

- Veita persónulegan stuðning, einstaklingsmiðaða og sveigjanlega þjónustu
- Umsjón verkefna sem krefjast töluverðrar þekkingar á ákveðnu sviði starfsstöðvarinnar
- Starfsmaður skal geta veitt fullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar til fatlaðra starfsmanna
- Efla og styðja sjálfstæði starfsmanns til virkni, félagslega og í starfi
- Veita stuðning og umönnun með þarfir starfsmannsins í huga
- Veita persónulega aðstoð við athafnir daglegs lífs
- Fylgja eftir einstaklings- / þjónustuáætlunum og vinnuferlum
- Skipuleggja og forgangsraða störfum sínum í samráði við viðkomandi yfirmenn

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla í starfi með fötluðu fólki
- Leiðtoga- og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og góð þjónustulund
- Almenn tölvukunnátta æskileg

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Jónsdóttir forstöðuþroskaþjálfari, í netfangi ragnhildur@arborg.is eða í síma 480 6920 og 899 7254.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið á ráðningarvef sveitarfélagsins. **Umsóknarfrestur er til 25. október 2020.** Öllum umsóknum verður að fylgja upplýsingar um menntun og starfsreynslu.

Brúskfé á Ósabakka

Á Ósabakka á Skeiðum er mjög góð sauðfjárrækt og þar er lögð áhersla á ræktun ýmissa sérkenna sem finnast í íslenska sauðfjárstofninum auk almennra ræktunargæða.

Eitt af sérkennunum er mikill litafjölbreytileiki, annað er mismunandi hornagerð fjárins og hið þriðja, sem hér er sérstaklega til umfjöllunar, er brúskur.

Brúskurinn sem um ræðir er fylgífiskur ferhyrnda eiginleikans og sést bæði í ferhyrndum og ferukollóttum gripum. Þetta er vel hrokinn hárbrúskur á höfðinu, einkum í hnakkanum. Af eðlilegum ástæðum er brúskurinn veglegri á kollóttu fé en hyrndu, vegna þess að hornastæðið á ferhyrndum haus tekur svo mikið pláss að ekki eru möguleikar fyrir jafn mikinn brúsk og á kollóttum haus.

Brúskfé sést ekki víða og líklega er hvergi til meira af því né það betur ræktað heldur en hjá Jökli á Ósabakka. Á meðfylgjandi myndum má sjá tvær brúskkindur sem nú eru í hjörðinni og eru fæddar síðastliðið vor. Flestar eru þær ferukollóttar, en þær eru líka til feruhnýflóttar og ferhyrndar

Páll Imsland,
pimsland@islandia.is.





Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát frænda okkar og mágs,

**Hermanns Sigurjónssonar,
Raftholti, Holtum.**

Aðstandendur



Ástkæri sambýlismaður minn,

**Jóhann Óskar Finnsson,
Miðtúni 2, Selfossi,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi föstudaginn 9. október. Bálför fer fram að ósk hins látna.

Hulda Snorradóttir



Veira, eldgos eða flóðbylgjur

Við glímum sem samfélag við eignatjón, fjártjón og manntjón á ári hverju. Í forgangi er að koma í veg fyrir manntjón. Það hefur orðalítið verið samþykkt sem ein megin mann-gildishugsjón okkar. Það er líka megin markmið sóttvarnaaðgerða, björgunaraðgerða á sjó og landi, brottflutningsáætlana vegna náttúruvár osfrv. Slík viðbrögð reyna á samheldni, þolinmæði og þrautseigju. Þau eru unnin fyrst í kapp við framvindu ógnarinnar, af öryggi, og greitt úr afleiðingunum samhliða, eftir getu. Svo enn betur þegar um hægist. Fyrirsjáanleiki og langtímaáætlun eru talsýnir. Viðbrögðin eru ekki unnin samkvæmt kaldrifjuðum útreikningi á „mögulegum heildaráhrifum aðgerðanna til langs tíma á efnahag þjóðarinnar“. Það gengur ekki upp gagnvart þeim sem treysta á aðstoð og björgun. Viðbrögðin eru fjár-, mannafla- og tímafrek vörn við vanni og felast í breytilegri vástjórnun og að-

lögun að aðstæðum, ógnarinnar vegna, viku eftir viku á meðan ástandið varir. Eignatjón og fjártjón er glímt við samhliða en er ekki í fyrsta sæti. Reynt að lágmarka og bæta slík tjón eftir því sem unnt er án þess að manns-látum fjölgi þess vegna.

Hugmyndir um önnur gildisviðmið eiga ekki við og munu ekki ná meirihlutafylgi í landinu, þrátt fyrir gagnrýni á aðgerðir og starfshætti heilbrigðisþjónustunnar og stjórnvalda. Gildisviðmiðin birtast til dæmis í hugmyndum um að ná hjarðónæmi eða slaka mjög á viðbrögðunum þrátt fyrir að 20-25% íbúa séu í mesta áhættuhópi, algeng og langvinn eftirköst eftir kórónuveikina og þrátt fyrir núverandi álag á velferðar- og heilbrigðiskerfin. Hollt er að horfa til spænsku veikinnar 1918-19. Þá bjuggu hér um 92.000 manns, heilbrigðisþjónustan var fámenn og barn síns tíma, veiran skæð, húsakostur misjafn og innviðir veikir. Mörg

**Ari Trausti
Guðmundsson**

Þingmaður VG



þúsund manns veiktust, þjáðust og þraukuðu heima fyrir; flestir um 500 manna, sem létust, dóu þar. Allmargir jöfnuðu sig seint eða aldrei. Sjálfboðaliðar reyndu að aðstoða heilbrigðis-yfirvöld og stjórnvöld mánuðum saman. Þessu til viðbótar gengu tveir flensufaraldrar yfir með veikindum og mjög líklega mannslátum.

Mér sem starfandi stjórnmálamanni ber að fylgja þeim mann-gildishugsjónum sem við flest aðhyllumst og fylgjum í verki eins og nú er gert. Get sem vísindamaður, sett mig t.d. inn í nýja Skaftárelda og séð fyrir mér sömu afstöðu og sömu megin vinnubrögð.

Margrét hin oddhaga

Minnisvarði um sunnlenska listakonu frá 12. öld

Á upphafsdögum þingsins lagði ég fram tillögu um að reistur yrði minnisvarði um Margréti hina oddhögu í Skálholti. Tel ég löngu kominn tíma til þess að minning þessarar merku konu verði heiðruð. Við hæfi er að minnisvarðinn verði reistur í Skálholti, þar sem hún starfaði að list sinni.

Margrét var prestskona í Skálholti á ofanverðum dögum Páls biskups Jónssonar og var eftir því sem sagan segir; „oddhögust allra manna á Íslandi“ um sína daga. Hvorki er vitað um föðurnafn hennar né ættir að öðru leyti.

Páll Jónsson Skálholtsbiskup (1155-1211) var framkvæmdamaður mikill og listunnandi. Í biskupstíð hans störfuðu margir listamenn í Skálholti og unnu gripi í þágu stólsins og skreyttu helgidóminn með fögrum verkum. Margrét var í þjónustu biskups ásamt fleiri listamönnum og bjó í Skálholti ásamt manni sínum, séra Þóri. Í sögu Páls biskups segir um biskupsstaf af tönn, sem Margrét skar fyrir Pál og var sendur Þóri erkibiskupi í Niðarósi, að hann hafi verið gerður svo haglega að „engi maðr hafði fyrr sét jafnvel gervan á Íslandi“, eins og það er orðað í sögu biskups.

Þegar steinþró Páls biskups var tekin úr jörðu og opnuð sumarið 1954 fannst í henni

húnn af bagli úr rostungstönn, útskorinn í líki dýrshöfuðs og forkunnarvel gerður. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður, sem stýrði uppgreftirnum, taldi líklegt að þarna væri á ferð verk Margrétar hinnar oddhögu og hafa margir hallast að þeirri skoðun með honum.

Margrét skar út margvíslega muni fyrir biskup og hefur verið orðuð við merkisgripi frá miðöldum sem fundust árið 1831 á Ljóðhúsum í Suðureyjum, undan norðvesturströnd Skotlands. Þar kom í ljós safn haglega útskorinna taflmanna sem flestir eru úr rostungstönn en nokkrir úr búrhvalstönn. Flestir þessara taflmanna eru geymdir á British museum og taldir meðal helstu þjóðargræma Breta.

Ekki liggur fyrir nákvæm vitneskja um fundarstað taflmannanna frá Ljóðhúsum né fundartíma. Óvissan um kringumstæður taflmannafundarins á Ljóðhúsum veldur því að erfitt er að henda reiður á uppruna þeirra og sögu. Allmargar kenningar hafa verið viðraðar um uppruna taflmannanna. Þeir rötudu inn fyrir dyrastaf breskra safna, flestir en þó ekki allir. Tilgátan um íslenskan uppruna taflmannanna hefur fylgt þeim allt frá upphafi.

Guðmundur G. Þórarinnsson, verkfræðingur og fyrrverandi alþingismaður, og Einar S. Ein-

**Karl Gauti
Hjaltason**

*Alþingismaður í
Suðurkjördæmi*



arsson, fyrrverandi forseti Skák-sambands Íslands, leituðust við fyrir um áratug að styrkja tilgátuna um íslenskan uppruna taflmannanna. Bentu þeir á að einungis í íslensku og ensku hefði verið haft biskupshetti um taflmann og honum gefið útlit sem minnti á búnað biskups. Slíkt útlit hafa Ljóðhúsataflmennirnir og væri það glögg merki um íslenskan uppruna þeirra. Þá benti Guðmundur á frásögn Páls sögu biskups af Margréti oddhögu og kvað þar kominn nafnkunnar íslenskan útskurðarmeistara sem vel gæti hafa innt af hendi svo ágætt verk sem Ljóðhúsataflmennina.

Þrátt fyrir að uppruni taflmannanna hafi ekki, og verði líklega seint, staðfestur að fullu er ljóst að Margrét hin oddhaga var merk kona sem á 12. öld var talin færast allra á Íslandi í útskurði.

Margrét hin oddhaga er ein örfár listkvenna í veröldinni sem getið er með nafni og uppi voru á miðöldum. Má með réttu segja hana sunnlenska afburðakonu.

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

**Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.**

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Covid-sýnatökur hjá HSU á Selfossi færast í bílastæðiskjallara Krónunnar

Frá og með mánudeginum 19. október sl. hafa allar sýnatökur vegna Covid-19 hjá HSU á Selfossi verið færðar í bílastæðakjallara Krónunnar á Selfossi. Aðkoma að sýnatökunni verður sem hér segir: „Aðkoma verður vestanfrá, frá Selfoskirkju (Kirkjuvegi) að Krónuhúsinu eftir vistgötu

(Selfossvegi) meðfram Ölfusá og inn í bílastæðishús norðanmegin (ármegin) og út á sömu hlið hússins, þá er beygt í austur og farið austur Árveg frá húsinu. Ef komið er gangandi er farið í röð við innganginn.“ Allir sem koma í sýnatöku eiga að vera með andlitsgrímur og hanska þegar þeir mæta.



82%

Sunnlendinga
lesa Dagskrána
í hverri viku

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944
auglsyngar@dfs.is



LJÓSMYNDAPRENTUN

PRENTAÐU MINNINGARNAR ÞÍNAR HJÁ OKKUR!

Sendu myndirnar í tölvupósti
eða komdu með þær á USB-lykli
og við prentum þær fyrir þig!



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

Landbúnaður

Hvað er til ráða?
Suðurland er mesta landbún-
aðarsvæði landsins og sé litið
á heildarrekstrartekjur allra bú-
greina á landinu þá er hlutdeild
landshlutans um þriðjungur.
Ferðaþjónustan hefur sótt í sig
veðrið undanfarin ár og var
orðin ein stærst atvinnugreina
Suðurlands, þó tímabundið séu
umsvifin lítil. Engum blöðum er
um það að fletta að landbúnaður
er órjúfanlegur hluti atvinnu-
byggðanna og mikilvæg grunn-
stoð. Greinin stendur á kross-
götum. Neyslubreytingar al-
mennings, aukin alþjóðleg sem
og innlend samkeppni, breyttur
ríkisstuðningur hafa valdið lægri
tekjum á framleiðslueiningu hjá
bændum. Á móti hefur vaxandi
ferðamannafjöldi, nýsköpun í
störfum á landsbyggðinni og
stærri bú vegið á móti. Mikill
stuðningur landsmanna er við
innlenda framleiðslu. Ríkis-
stjórnin hefur tekið á nokkrum
þeim þáttum sem munu ýta
undir jákvæða þróun. Í þessari
grein verður tæpt á samstarfi
afurðastöðva, frelsi til heima-
vinnslu, tollasamningum, sýkla-
lyfjaónæmi og fæðuöryggi.

Samstarf afurðastöðva
Nýverið lýsti ríkisstjórnin vilja
sínunum til að heimila afurða-
stöðvum samstarf, ekki ósvipað
og heimilt er í mjólkuriðnað-
inum og auka þar með hag-
kvæmni og skilvirkni í grein-
inni. Yfirlýsingin var í tengslum
við endurskoðunarákvæði lífs-
kjarasamninganna. Fyrirmyndir
má sækja til mjólkuriðnaðarins,

sjávarútvegs fyrri tíma og sam-
starfs fyrirtækja undir merkjum
SÍS, SÍF og SH. Þingmenn
Framsóknar hafa lagt fram slíkt
mál á liðnum þingum.

Frelsi til heimavinnslu
Samhliða breytingum hjá af-
urðastöðvunum er mjög mikil-
vægt að auka frelsi bóndans til
athafna og tengja hann betur
markaðsstarfinu. Heimila á örs-
látrun og minni sláturhús með
heimavinnslu. Jákvætt áhættu-
mat þarf að liggja fyrir og er
fyrirmyndin sótt til Þýskalands
þar sem heimiluð var heima-
slátrun og nær-markaðssala á
lambakjöti fyrir nokkrum árum.
Í kjölfarið ætti að heimila örs-
látrun með ungunni og það
sama er hægt að gera í mjólkur-
framleiðslunni. Tækifærin eru
mörg fyrir framsækið fólk til
sveita.

Tollasamningar skoðaðir
Þær fréttir berast þessi misserin
að eftirlit með tollflokklum sé
í skötulíki. Innflutningsfyrir-
tækin komist upp með að brjóta
tollasamninginn með rangri
tollflokklun á matvöru, jafnvel
svo árum skipti. Afleiðingin er
skekkt samkeppni við bændur,
milli fyrirtækja sem halda sig
innan laga og þeirra sem svikjast
um að greiða opinber gjöld og
snuða þannig almenning beint.
Þetta þarf að rannsaka.
Þá hefur orðið forsendu-
brestur eftir að tollasamningur-
inn komst á. Annars vegar ónýtt
tækifæri og hins vegar útganga
Bretlands úr ESB. Það er mín

Sigurður Ingi J.
Formaður
Framsóknarfl.
og samgöngu- og
sveitarstjórnar-
ráðherra.



skoðun og til skoðunar innan
ríkistjórnarinnar að það eigi að
segja þessum ESB-tollasam-
ningi upp.

Lýðheilsa og öryggi
Almennt má segja að allur heim-
urinn glími við háa tíðni matar-
sýkinga, þó mismikið. Tíðni
matarsýkinga hendlis er mjög
lág í alþjóðlegum samanburði,
staðan í Noregi er einnig góð og
eru Svíþjóð og Finnland skammt
þar fyrir aftan. Talið er að um
árið 2050 muni jafnmargir lástast
vegna sýklalyfjaónæmis og af
völdum krabbameins. Staðan á
Íslandi með hrein og örugg mat-
væli er því eftirsóknarverð. Í því
felast mikil lífsgæði.

Til að tryggja öruggan að-
gang að innlendum matvælum
þarf að grípa til í það minnsta
þeirra aðgerða sem nefndar
hafa verið hér, til þess að bæta
afkomu bænda. Svo höfum
við val. Að einhverju leyti er
framtið landbúnaðar í höndum
hvers og eins. Ef við viljum fá
öruggan, ómengaðan og hollan
mat á borðið, þá eigum við að
geta gert kröfu í versluninni,
á veitingastaðnum og í mötu-
neytinu um upprunamerkingar.
Við höfum val. Íslenskt - já takk.



Ný götunöfn á Hvols- velli og í Skógum

Um miðjan september var
leitað til íbúa og óskað
eftir tillögum að heitum fyrir 3
nýjar götur á Hvolsvelli og svo
2 götur í Ytri-Skógum.
Fjölmargar tillögur bárust og
er íbúum þakkað kærlega fyrir
þátttökuna.
Dæmi um tillögur fyrir göt-
urnar á Hvolsvelli eru t.d.: Unn-
arstígur, Hildigunnartún, Akur-
gerði, Kirkjugerði, Nínutún,
Blesártún, Lyngbakki, Garða-
braut og Bólgarðar. Dæmi um
tillögur fyrir götuna í Ytri-Skóg-
um eru t.d.: Skólabraut, Skóga-
stígur, Kvernuvegur, Steinboga-
vegur, Tjaldrimi, Þrastargata og
Lóuvegur.
Á 270. fundi sveitarstjórnar
þann 8. október sl. voru tillög-
urnar teknar fyrir eftir að Skipu-
lagsnefnd fjallaði um þær á sín-
um fundi og ný götunöfn voru
samþykkt. Það var sannarlega
ljóst að íbúar voru nokkuð sams-
mála um að göturnar á Hvol-
svelli ættu að heita eftir konum
úr Njálu enda þykir aðeins halla

á hlut kvenna í götuheitum í
þéttbýlinu. Hinar ýmsu útgáfur
af heitum tengdum þeim Berg-
þóru og Hallgerði komu fram
en á endanum var eftirfarandi
ákvörðun tekin:
Á Hvolsvelli mun gatan fyrir
ofan Gunnarsgerði fá heitið
Bergþórugerði, gatan fyrir ofan
Króktún fær heitið Hallgerðar-
tún og svokallaður ofanbyggð-
arvegur fær heitið Akurbraut.
Í Ytri-Skógum fær gata við
Héraðsskólann heitið Skóla-
vegur en einnig var ákveðið að
gatan við heimavistina muni fá
nafnið Vistarvegur.
Gatnagerð á Hvolsvelli geng-
ur einstaklega vel, veðrið hefur
verið með besta móti þannig að
verktakarnir hafa getað unnið
nær sleitulaust frá byrjun. Í
þessum áfanga verða 22 lóðir í
boði, lóðirnar eru hluti af göt-
unni sem nú hefur fengið nafnið
Hallgerðartún. Af þessum 22
lóðum er 21 einbýlishúsalóð og
1 raðhúsalóð.

Nýtt skólaþróunarteymi – tvö störf án staðsetningar

Mennta- og menningarmála-
ráðuneyti auglýsir nú eftir
tveimur sérfræðingum til starfa
í nýju skólaþróunarteymi sem
starfa mun þvert á fagskrifstofur
menntamála og er einkum ætlað
að fylgja eftir áherslum í nýrri
menntastefnu til ársins 2030.
Teymið mun heyra undir skrif-
stofu skóla-, íþróttá- og æsku-
lýðsmála og er ætlað að starfa

í fimm ár hið minnsta. Um full
störf er að ræða og æskilegt er
að viðkomandi geti hafið störf
sem fyrst.
**Störf ekki bundin
tiltekinni starfstöð**
Fyrirkomulag starfanna er
þannig að þau krefjast þess ekki
að vera bundin tiltekinni starfs-
stöð innan veggja ráðuneytisins

heldur geta verið unnið hvar
sem er á landinu, að því gefnu að
viðunandi starfsaðstaða sé fyrir
hendi. Að auglýsa störf án stað-
setningar á vegum ráðuneytis
og stofnana er liður í aðgerðum
stefnumótandi byggðaaðlunar
til ársins 2024. Markmið er að
fyrir árslok 2021 séu 5% augl-
ýstra starfa án staðsetningar og
í árslok 2024 séu 10% auglýstra

starfa án staðsetningar.
„Hér er um mikilvæga að-
gerð að ræða sem hefur það
markmið að skapa betri tækifæri
til atvinnu um allt land og jafna
búsetuskilyrði. Við vonumst til
þess að mögulegt verði að aug-
lýsa fleiri störf án staðsetningar
á komandi misserum,“ segir
Lilja Alfreðsdóttir mennta- og
menningarmálaráðherra.



Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Ólympíuhlaup ÍSÍ: Sunnulækjarskóli fær 100.000 kr. inneign í Altis

Ólympíuhlaup ÍSÍ hefur farið fram í grunnskólum landsins undanfarnar vikur, en verkefnið hófst formlega þann 8. september sl. Með hlaupinu er leitast við að hvetja nemendur í grunnskólum landsins til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Nemendur geta valið um þrjár vegalengdir, þ.e. 2,5 km, 5 km og 10 km. Hver skóli sem tekur þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ fær viðurkenningu þar sem fram kemur hversu margir nemendur tóku þátt og heildarfjöldi kílómetra sem nemendur lögðu að baki. Þátttakan í ár er mjög góð, en nú þegar hafa 76 skólar skilað inn niðurstöðum og hafa 16.521 nemandi hlaupið 67.178 kílómetra. Átta skólar á sambandsvæði HSK hafa tilkynnt þátttöku þegar þetta er skrifað.

Líkt og undanfarin ár voru



þrír skólar dregnir út sem höfðu lokið hlaupinu og skilað inn upplýsingum til ÍSÍ fyrir 10. október sl. Skólarnir 76 voru með í pottinum í ár, en þeir þrír skólar sem voru dregnir út eru Sunnulækjarskóli á Selfossi, Grunnskóli Snæfellsbæjar og Foldaskóli í Reykjavík. Hver þessara þriggja skóla fær 100.000 króna inneign í Altis, en Altis selur vörur til íþróttar-

iðkunar sem nýtast nemendum á skólalóðinni eða í íþróttahúsinu.

Bent er á að enn er hægt að hlaupa og fá viðurkenningarskjal þó að búið sé að draga út vinningana.

Samstarfsaðilar Ólympíuhlaups ÍSÍ eru Mjólkursamsalan sem hefur styrkt útgáfu viðurkenningarskjala frá upphafi, og Íþróttar- og heilsufræðingafélag Íslands.

Heimilt að stunda íþróttir á Selfossi

UMF. SELFLOSS Þrátt fyrir að töluverðar breytingar megi finna í nýrri reglugerð heilbrigðisráðherra um takmarkanir á íþróttastarfi hafa þær ekki áhrif á íþróttastarf á Selfossi. Ljóst er að æfingar



hjá UMF. Selfoss geta áfram farið fram með hefðbundnum hætti.

Ný reglugerð tók gildi þriðjudaginn 20. október og verður að óbreyttu í gildi til 10. nóvember.



Sólveig Ása til liðs við Selfoss

HANDBOLTI Hin unga og efnilega Sólveig Ása Brynjarsdóttir hefur samið við Selfoss. Sólveig Ása, sem er vinstri skytta, er aðeins 20 ára gömul og kemur frá Fjölni þar sem hún er uppalin. Handknattleiks-

deild Selfoss er ánægð með að Sólveig skuli taka slaginn með Selfoss í Grill 66 deildinni í vetur, en spennandi verður að fylgjast með þessu unga og efnilega liði í vetur. -esó

Þorsteinn Aron til Fulham

KNATTSPYRNA Selfyssingurinn ungi og efnilegi, Þorsteinn Aron Antonsson, er genginn til liðs við úrvalsdeildarfélagið Fulham á Englandi. Hann gerir þriggja ára samning við félagið.

Þorsteinn Aron steig sín fyrstu skref í meistaraflokki Selfoss í sumar og spilaði 17 leiki í deild og bikar. Hann stóð sig með eindæmum vel og vakti áhuga í Englandi. Hann er fluttur til Lundúna en hann mun æfa og spila með U-18 liði félagsins til að byrja með.

Við óskum honum alls hins besta í Englandi og í framtíðinni en þetta er mikil viðurkenning fyrir bæði leikmanninn og félagið. -iri



Þorsteinn Aron í leik með Selfoss. Ljósmynd af fésbókarsíðu knattspyrnu-deildar Selfoss.

Fjórir Selfyssingar valdir í landsliðið

HANDBOLTI Fjórir Selfyssingar hafa verið valdir í A-landslið karla sem mætir Litháen og Ísrael í byrjun nóvember. Þetta eru þeir Janus Daði Smárason (Göppingen), Ómar Ingi Magnússon (SC Magdeburg) Bjarki Már Elísson (TBV Lemgo) og Elvar Örn Jónsson (Skjern).

Leikirnir fara fram í Laugar-dalshöll þann 4. og 7. nóvember nk. Upphaflega stóð til að spila heimaleik og útileik, en vegna ástandsins í heiminum óskuðu Ísraelsmenn eftir að víxla heimaleikjum og varð HSÍ við þeirri ósk. -esó



Þeir Janus Daði, Ómar Ingi, Haukur Þrastarson og Elvar Örn eftir leik gegn Barein í lok árs 2018. Haukur verður ekki með að þessu sinni þar sem hann er að glíma við meiðsl. Ljósmynd: UMF. Selfoss/Einar Sindri.

Gróðursetningardagur

KÖRFUBOLTI Selfoss-Karfa hefur ábyggilega kolefnisjafnað sjálfa sig, eftir seinni gróðursetningardag ársins. Í byrjun október plantaði félagið hátt í 18 þúsund birkiplöntum og snemmsumars litlu minna. Að þessu sinni lagði félagið sitt af mörkum til að skapa skjól fyrir nágranna okkar og vini í Þorlákshöfn, en eins og fólk veit veitir ekki af þar við ströndina, þó stórvirki hafi verið

unnið í uppgræðslu eyðisanda þar undanfarna áratugi.

Það var meistaraflokkur karla sem bar hitann og þungann af vinnunni að þessu sinni, með góðri hjálp frá nokkrum fjölskyldum og stjórnarfólki. Strákarnir stóðu sig afburðavel, unnu eins og hestar og hópurinn lauk verkefningu á aðeins rúmum þremur klukkustundum í ágætu veðri. -gp





Áheitaþróun Kvenfélags Grímsneshrepps

Laugardaginn 10. október gengu félagskonur í Kvenfélagi Grímsneshrepps Sólheimahringinn í frábæru veðri. Tilfni göngunnar var að safna áheitum fyrir Sjóðinn góða þar sem ekki var hægt að halda Grímsævintýrin og Tombóluna þeirra í ár, einnig sáu kvenfélagskonurnar ekki fyrir sér að geta haldið sitt árlega jólabingó. „Þetta var dásemdar dagur í alla staði, ekki bara veðrið, heldur gaf þetta verkefni okkur tilgang í félagsstarfinu. Við erum enn í skjýjunum eftir daginn, við fengum góða hreyfingu út úr göngunni og var þetta frábært tækifæri fyrir okkur að hittast á tímum takmarkana á COVID-tímum,“ segir Laufey Guðmundsdóttir, formaður Kvenfélags Grímsneshrepps.

„Við fengum frábærar viðtökur við þessu verkefni okkar, áheitin voru langt umfram okkar vonir og viljum við því senda kærar þakkir til þeirra sem hétu á okkur. Þessi styrkur mun styðja við og skipta miklu máli fyrir marga sem þurfa aðstoð fyrir jólin.“ Hvað söfnuðuð þið miklu með þessu verkefni? „Við vorum með opið fyrir áheit til 18. okt. og söfnuðum alls 1.131.972 kr., auk þess lögðum við 500.000 kr. í mótfélag frá félaginu, því afhendum við Sjóðinum góða 1.631.972 krónur í vikunni,“ segir Laufey.

Sólheimahringurinn er um 24 km og gengu um 22 aðilar, hringinn að hluta eða í heild sinni. Einnig fylgdu með nokkrir bílar til að lágmarka sameiginlega snertifleti. Laufey vill koma

sérstökum þökkum til Hjálparseitarinnar Tintrons, en tveir hjálparseitarmedlimir fylgdu göngunni, á bíl sveitarinnar með öryggisljósum, frá Sólheimum að Borg auk þess sem þeir buðu göngufólki upp á vatn.

Til gamans tóku félagskonur saman samtals skrefafjölda og kílómetrafjölda sem gengin voru. Þetta voru alls um 450 þús. skref og um 345 km. Að lokum segir Laufey: „Það er gaman að sjá að fleiri kvenfélög eru að fara út í svipuð verkefni. Félagskonur í Kvenfélögum Hraungerðis- og Villingaholtshrepps, sem dæmi, ætla að ganga um 22 km laugardaginn 24. okt frá Félagslundu að Þjórsárverri og þaðan í Þingborg.“

Áheitaþróun: Gjöf sem gefur

„Aðalmarkmið kvenfélaga er að styrkja og styðja sitt nærsamfélag með ýmsum hætti. Ástandið sem nú hefur skapast leyfir ekki fjáraflanir með hefðbundnum hætti hjá okkur frekar en öðrum félagsamtökum. Þar af leiðandi þurftum við að finna nýjar færar leiðir,“ segir Margrét Tryggvadóttir formaður Kvenfélagsins Einingar í Hvolhreppi.

A haustfundi kvenfélagsins þar sem allar sóttvarnareglur voru að sjálfsögðu virtar kom fram sú skemmtilega tillaga að efna til áheitaþrójóns. „Ýmis félagsamtök hafa farið í áheitasund, áheitaþróun og fl. En við höfðum aldrei heyrt um áheitaþróun. Það er skemmt frá því að segja að við höfum ákveðið að hrinda þessari frábæru hugmynd í framkvæmd,“ segir Margrét brosandí.

Áheitaþrójónið virkar þannig að fyrirtæki og einstaklingar geta heitið á okkur að klára 300 þrójónaða hluti fyrir 1. febrúar 2021. Við munum síðan gefa handverkið sem verður m.a. húfur, vettlingar, treflar, sokkar og þess háttar, þeim sem minna mega sín eins og t.d. Kvennaathvarfi, Konukoti, Frú Ragnheiði, gistiskýlinu o.fl. aðilum.

Peningar sem safnast svo með áheitum verða gefnir björgunarsveit á Suðurlandi.

Þar með er þetta þreföld gjöf. Konurnar gefa vinnu og efni,



Hugmyndir að þrójónalesi.


þær gefa síðan þeim sem minna mega sín afkrasturinn af þrójóninu og svo að lokum fær björgunarsveit féð sem safnast með áheitunum.

„Mér finnst konur í þessu kvenfélagi með eindæmum duglegar að þrójóna, þær þrójóna hvar og hvenær sem er, það liggur við að þær þrójón gangandi, þannig að ég hef fulla trú á að þær klári þetta verkefni með glans. Við bjóðum að sjálfsögðu öllum konum að taka þátt með okkur og hjálpa okkur að ná þessu markmiði og með því gleðja aðra. Til gamans má geta þess að áætlað er að konurnar þrójóni samtals í 1200 vinnustundir eða 30 daga.

Ég tel að áheitaþrójónið muni efla félagsandann þar sem konur eru að vinna saman fyrir kvenfélagið þótt við séum hver í sínu horni vegna ástandsins,“ segir Margrét.

Margrét hvetur allar konur sem vilja styrkja þetta verkefni með þrójónlesum að hafa samband á netfangið mtrygg@ismennt.is eða í síma 824 8889. Það verður spennandi að fylgjast með þessari óvenjulegu hugmynd og óska ég þeim góðs gengis. Tekið verður á móti áheitum til janúarloka 2021.

Söfnunarreikningur Áheitaþrójónsins er: 0133-15-000289. Kennitala: 540601-2750.



Jólahlaðkvöldverður í sveitakyrrö

Einstök upplifun á aðventunni í hlýlegu umhverfi.

Jólahlaðkvöldverður 8.800 kr.
Tilboð á mat og gistingu 12.500 kr. á mann.
Innifalið er jólahlaðkvöldverður, gisting í 2ja manna herbergi ásamt morgunverðarhlaðborði.

28. nóvember
4. og 5. desember
11. og 12. desember
Allar nánari upplýsingar á hotelldhestar.is



Eldhestar, Vellir, 816 Ölfus • 480 4800 • info@eldhestar.is • www.eldhestar.is



NÁMS- OG RANNSÓKNARSTYRKUR

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um náms- og rannsóknarstyrk fyrir árið 2020. Úthlutað verður kr. 1.600.000 í styrki þetta árið.

Styrkurinn er ætlaður námsfólki sem vinnur að rannsóknarverkefni til lokaprófs á háskólastigi. Verkefnið skal tengjast Suðurlandi og þjóna ótvíræðum atvinnu- og/eða fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.

Umsóknarfrestur er til 9. nóvember nk. og skulu umsóknir vera sendar á netföngin eyjolfur@fraedslunet.is eða sigurdur@hfsu.is.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á www.fraedslunet.is og www.hfsu.is.



FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Íbúð óskast

Óska eftir 2-3 ja herb. Íbúð á
Selfossi/Hveragerði. Uppgefin
leiga. Jarðhæð eða lyfta. Uppl. í
síma 866 6597.

BÍLAR

KLETTUR

Bífléðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bífléða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bífléða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

TAPAD/FUNDIÐ



Týndur hestur

Lómur hvarf úr girðingu í Ölfusi
seinni part sumars. Hann er
brúnn, meðalstór 20 vetra hestur.
Hann hefur einu sinni áður
farið á flakk og endaði þá austan
Þjórsár. Ef einhver hefur séð
hann eða er með hest í óskilum
hafðu samband í síma 867 4662.
Linda Björk.

TUNGUMÁL

Ertu spænskumælandi?

Óska eftir að komast í samband
við spænskumælandi aðila til að
hringja miklu meira en áriðandi
skilaboðum til Spánar. Uppl. í
síma 483 3568.



Við erum sérfræðingar í prentun
bóka, almennu prentverki
og framleiðslu umbúða. Öll
framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða
við að finna bestu, hagkvæmstu og
umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.

Vertu hjartanlega velkomin



Umbúðir



Almenn
prentun



Bækur



Límimiðar

Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is



HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Áttund

Yoga nidra byrjar
26. okt. og 4. nóv.
Netnámskeið
byrjar 24. okt.



Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand.mag. í íþróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

TIL SÖLU

Vetrardekk til sölu

Nýleg góð negld vetrardekk.
Stærð 205/55x16. Uppl. í síma
894 0123.

Nagladekk til sölu

4 stk. lítið notuð nagladekk
175/70 x 14. Uppl í síma 773
7905.

Nagladekk til sölu

Til sölu 4 nagladekk. Aðeins
búið að aka á þeim 1.000 km.
Stærð 175/65 R14. Dekkin eru á
felgum sem fylgja með, 4 gata.
Dekkin kosta ný 52.000,- en fást
á kr. 25.000,- með felgunum. Er
undan Toyota Yaris.

Á sama stað eru til 4 dekk á
felgum 265/70R16. Felgurnar
eru 6 gata Eru undan MM Pajero.
Fást fyrir lítið.

Uppl. í síma 897 5994.

200 bleikar bollakökur í
tilefni af bleikum degi

Bragi Hansson og hans
góða starfsfólk í mötu-
neyti Rangárpings eystra útbjó
hvorki meira né minna en 200
bollakökur í tilefni af bleika
degnum. Starfsfólk stofnana
sveitarfélagsins voru því svo

heppin að fá bollakökur með
morgunkaffinu sem sló heldur
betur í gegn.

Myndin hér fyrir ofan er af
Braga, sem fór á milli staða til
að afhenda bollakökurnar, þegar
hann kom á Austurveg 4.

Ábyrga leiðin - fyrir Suðurland

Áskoranir og þau krefjandi verkefni sem við okkur blasa í heimsfaraldri, kalla á pólitískan kjark og skýra framtíðarsýn. Það þarf að stíga fram af meiri festu en ríkisstjórnin gerir í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2021. Áætlanir ríkisstjórnarinnar eru veikar og óábyrgt að ganga ekki lengra í dýpstu efnahagslæð í 100 ár.

Samfylkingin hefur lagt fram tillögur jafnaðarmanna um leiðina úr atvinnukreppu til grænnar framtíðar. Lykilorðin í þeirri ábyrgu leið sem við viljum fara eru vinna, velferð og græn uppbygging.

Nú er rétt að nýta góð lána- kjör til lántöku fyrir rekstri og arðbærum fjárfestingum.

Fjölguð störfum

Yfir 20 þúsund Íslendingar vilja vinna en fá ekki vinnu. Atvinnuleysi á Suðurlandi var 8,4% í september. Í þeirri tölu eru ekki þeir sem eru á uppsagnarfresti.

Ábyrga leiðin fjölguð störfum strax, bæði í einkageiranum og hjá hinu opinbera. Nú er lag að ráðast gegn undirmönnun hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, í velferðarþjónustu við íbúa landshlutans, hjá menntastofnunum og síðast en ekki síst hjá lögreglunni. Viðvarandi undirmönnum eða niðurskurður gera ekkert annað en að dýpka og lengja kreppuna.

Auk þess þarf að beita virkum vinnumarkaðsaðgerðum til að vinna gegn langtímaatvinnuleysi bæði ráðningastyrkjum í samstarfi við sveitarfélögin og fyrirtækin á Suðurlandi og námstengdum úrræðum í samvinnu við menntastofnanir.

Ráðast þarf í framkvæmdir við höfnina í Þorlákshöfn sem mun styrkja aðrar fyrirætl-

anir um uppbyggingu þar, flýta vegaframkvæmdum sem hægt er að flýta og leggja fjármuni til viðhalds opinberra bygginga á Suðurlandi.

Atvinnuskapandi skattalækkun

Veirufaraldurinn má ekki verða til þess að smærri fyrirtæki falli unnvörpum en þau stærri stækki markaðshlutdeild sína og hækki verð í skjóli veikari samkeppni. Við viljum vinna að krafti til að koma í veg fyrir slíkt. Það gerum við með tímabundinni lækkun tryggingagjalds þannig að árið 2021 verði tryggingagjaldslaust ár hjá einyrkjum og smáfyrirtækjum og skili jafnframt snarpri lækkun til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Aðgerðin er tveggja milljóna króna afsláttur af tryggingagjaldi og mun ýta undir fjölgun starfa þar sem tryggingagjaldið leggst flatt á öll störf.

Lækka þarf jaðarskatta á barnafólk með því að draga úr skerðingum barnabóta. Nú byrja barnabætur að skerðast við 325 þúsundkrónur á mánuði. Við viljum taka ákveðin skref í þá átt að barnabætur skerðist ekki fyrr en við meðallaun sem voru um 800 þúsund krónur í fyrra og jafna þannig stöðu barnafólks við hina sem ekki eru með börn á framfæri.

Skerðingar í almannatryggingakerfinu eru enn alltof skarpar. Það er mikilvægt að almannatryggingakerfið hvetji til virkni en letji ekki. Þannig viljum við til að mynda hækka frítækjumark öryrkja vegna atvinnutekna sem staðið hefur í stað í áratug. Er rétt um 110 þúsund krónur á mánuði en ætti samkvæmt launavísitölu að vera nú um 200 þúsund.

Eflum velferð

Efnahagsaðgerðir Samfylkingarinnar miða að því að fjölga störfum eins hratt og hægt er. En það þarf líka að efla velferð og hlaupa undir bagga með þeim sem vilja vinna en fá ekki vinnu eða geta ekki unnið. Þannig sýnum við samstöðu í verki og styðjum í leiðinni við heildar- eftirspurn í hagkerfinu.

Atvinnuleitendur og fjölskyldur þeirra lenda verst í þeim efnahagserfiðleikum sem nú ganga yfir. Því er nauðsynlegt að hækka grunnatvinnuleysisbætur. Við leggjum til að þær verði 95% af lágmarkstekjutryggingu samkvæmt lífskjara- samningunum. Ef við það væri miðað færu þær í 333 þúsund krónur á mánuði á næsta ári en eru nú rúmar 289 þúsund krónur á mánuði.

Við í Samfylkingunni höfum þegar lagt til að það óréttlæti verði leiðrétt að aðeins þeir sem voru á launatengda tímabili atvinnuleysistrygginga 1. september fái framlengingu á því tímabili um þrjá mánuði. Þau 12.000 sem voru komin á grunnatvinnuleysisbætur við samþykkt lagabreytingarinnar eiga að sjálfsögðu einnig að njóta jafnræðis í þeim efnunum.

Þá þarf einnig að tryggja stúdendum rétt til atvinnuleysisbóta í námshléum ásamt því að skapa sumarstörf og efla nýsköpunarsjóð námsmanna.

Almennt verður að hækka ellilífeyri og örorku- og endurhæfingarlífeyri að lágmarks- tekjutryggingu og slíkt frumvarp var okkar í Samfylkingunni fyrsta forgangsmál nú í haust. Ef ekkert verður að gert heldur bilið á milli launamanna og þeirra sem reiða sig eingöngu á greiðslur almannatrygginga,

áfram að breikka ár frá ári. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar verður þetta bil 86 þúsund krónur á mánuði á næsta ári. Hver maður sér að slíkt er óásættanlegt enda eru rökkin fyrir lágmarkstekjutryggingu þau að á lægri launum sé vart mögulegt að lifa.

Sveitarfélögin

Sveitarfélögin á Suðurlandi verða flest fyrir miklu tekjutapi vegna falls á útsvarstekjum en einnig vegna lægri framlaga úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Okkur jafnaðarmönnum finnst ekkert annað koma til greina en að ríkið komi til móts við sveitarfélögin svo þau þurfi ekki að skera niður í þjónustu við börn og fatlaða íbúa eða í annarri nærþjónustu. Það er einnig mjög mikilvægt að sveitarfélögin dragi ekki saman í innviðaup- byggingu og fækki með því atvinnutækifærum á svæðinu.

Ríkisstjórnir annarra Norðurlanda hafa heitið því að bæta tekjufall sveitarfélaga að fullu. Ríkisstjórn Íslands hefur bætt tekjufall fyrirtækja en vanrækt sveitarfélögin og heimili atvinnuleitenda. Þessu verður að breyta þegar atvinnuleysið vex og kostnaður í félagsþjónustu vex að sama skapi.

Efla þarf sóknaráætlanir landshluta með myndarlegu fjárframlagi.

Græn uppbygging

Að vinna gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum er stærsta áskorun sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir. Græn jafnaðarstefna þar sem róttækni, raunsæi og samstaða fara hönd í hönd er sterkasta mótefnið gegn hamfarahlýnun og ójöfnuði á heimsvísu.

Oddný G. Harðardóttir

Þingmaður Samfylkingarinnar í Suðurlandskjördæmi



Til þess að okkar litla íslenska hagkerfi geti staðið undir miklum kaupmætti, háu atvinnustigi og sterku velferðarkerfi þarf að ýta undir fjölbreytta samsetningu atvinnulífs og verðmætasköpunar. Við þurfum græna atvinnustefnu með áherslu á greinar sem skapa verðmæti og vel launuð störf.

Skógrækt er mikilvæg til kol- efnisbindingar, skapar atvinnu og hefur jákvæð áhrif á vistkerfi og samfélag. Við viljum ráðast í skógræktaráttak um allt land, ekki síst á Suðurlandi.

Okkur er alvara með áætlu- unum um græna uppbyggingu. Þess vegna viljum við styrkja starfsmenntun að Reykjum í Ölfusi til muna með opinberum umhverfis- og garðyrkjuskóla sem vinnur í nánú samstarfi við fagfélög og fyrirtæki. Aukin grænmetisrækt á Suðurlandi vinnur gegn loftslagsvanda og fækkar kolefnissporum í mat- vælaframleiðslu.

Við í Samfylkingunni leggjum til stofnun græns fjárfest- ingasjóðs í eigu ríkisins sem styður við uppbyggingu loftslagsvænnar atvinnustarfsemi.

Við viljum ráðast strax í markvissar aðgerðir til að hraða orkuskiptum og tryggja sveitarfélögum fulla endurgreiðslu frá- veituframkvæmda.

Lesið nánar um ábyrgu leiðina á slóðinni: https://issuu.com/samfylking/docs/abyrga_lei_in.

HVAR NÁLGAST ÉG DAGSKRÁNA Á SELFOSSI?

Leiðir til að fá Dagskrána

1 Í blaðakössum á Selfossi

Blaðakassarnir eru í flestum hverfum á Selfossi og auðvelt að nálgast blaðið á miðvikudagsmorgnum.

2 Í verslunum á Selfossi

Öllum matvöruverslunum og bensínstöðvum ásamt fleiri þjónustustöðum.

3 Send heim með Póstinum

Hægt er að sækja um þjónustuna inni á dfs.is/dreifing eða í síma 482 1944. Þú greiðir póstburðargjaldið og færð blaðið inn um lúguna í hverri viku.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944
dfs@dfs.is
www.dfs.is



Menningarlandslag í Þjórsárdal friðlýst

Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra staðfesti tímamótafriðlýsingu menningarlandslags í Þjórsárdal í Árnessýslu. Friðlýsingin sameinar minjar 22 fornþýla í Þjórsárdal sem eina heild, auk umhverfis þeirra og annarra fornminja á svæðinu og er ætlað að standa vörð um þau verðmæti sem felast menningarlandslagi dalsins. Þjórsárdalur geymir einstakar minjar sem spanna tímabilið frá landnámi fram á miðaldir en svæðið er lítt snortið af síðari tíma framkvæmdum. Dalurinn hefur ótvírátt rannsóknargildi fyrir fræðimenn enda má rekja upphaf nútíma fornleifarannsóknna á Íslandi til viðamikilla rannsókna sem gerðar voru í dalnum árið 1939. „Þessi friðlýsing er ákveðið brautryðjendastarf í minjavernd hér á landi. Fram til þessa höfum við einkum horft til þess að friðlýsa einstaka minjastaði en mikilvægt er einnig að horfa til samspils mannsins og náttúrunnar sem hann lifir og hrærist í og vernda þá sögu. Minjar í Þjórsárdal eru dýrmætir heimildir um líf forfeðra okkar og ég fagna því að þessi sögufrægi staður njóti nú aukinnar verndar sem



Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra.

ein minjaheild,“ segir Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra. Minjarnar í Þjórsárdal eru mjög viðkvæmar en með því að friðlýsa þær í heild má betur bregðast við ýmsum ógnum og nýta tækifæri með markvissum aðgerðum og stýringu. Friðlýsing menningarlandslagsins mun einfalda alla framkvæmd minjavörslu á svæðinu. Með friðlýsingu má skilgreina og móta stefnu um hvernig ýmiskonar framkvæmdir og

nýting dalsins, s.s. búskapur, sauðfjárbait, landgræðsla, skógrækt og ferðaþjónusta geti farið saman við markvissa vernd menningarlandslags og uppfyllt kröfur um sjálfbærni. Sömuðleis verður öll upplýsingagjöf og aðgerðir til að bæta aðgengi og upplifun ferðamanna af svæðinu markvissari, en nefna má að bæjarrústírnar sem rannsakaðar voru í Stöng árið 1939 voru fyrstu fornleifarannsóknir á Íslandi sem byggðar voru yfir og gerðar aðgengilegar almenningi.

Netpartar fengu verðlaun á sviði umhverfismála



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Kristín Jóhannsdóttir, almannatengill Netparta, Aðalheiður Jacobsen, framkvæmdastjóri Netparta og Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA.

Netpartar fengu verðlaun á Umhverfisdegi atvinnulífsins í dag fyrir framtak ársins á sviði umhverfismála. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, tilkynnti verðlaunin en viðurkenninguna fá Netpartar fyrir að vera leiðandi í umhverfismálum við niðurrið bíla og sölu varahluta. Markmið Netparta hefur frá

upphafi verið að stuðla að frekari nýtingu notaðra varahluta úr bifreiðum sem og að endurvinnna þær með umhverfisvænum hætti til annarra hlutverka. Það leiðir af sér betri nýtingu verðmæta, stuðlar að minni soun, minni urðun, betra umhverfi og loftslagi. Þannig gegna Netpartar hlutverki í hringrásarhagkerfinu.

Framkvæmdastjóri og eigandi fyrirtækisins er Aðalheiður Jacobsen, viðskiptafræðingur og frumkvöðull. „Ég og við öll hjá Netpörtum erum yfir okkur stolt og þakklát að hafa hlotið þessa viðurkenningu frá atvinnulífinu sem er okkur sannarlega mikil hvatning. Alveg frá stofnun Netparta hafa umhverfismál og samfélagsábyrgð verið okkar leiðarljós, þar sem markmiðið er að sem mest af ónýtum bíl fari aftur í annað hvort nýtilega bílavarahluti eða í önnur hlutverk í hringrásarkerfinu. Við lítum á það sem okkar skyldu að stuðla að minni soun og urðun fyrir betra umhverfi og loftslagi og við erum þakklát fyrir þann meðbyr sem við finnum, frá bæði viðskiptavinum og öðrum.“

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

25. ára

Fjöruborðið

30% afsláttur ef þú sækir
S. 483 1550

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþiðgerðir - Almennar raflagnir

BÓNFEDGAR

Gagnheiði 51- Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Jiibbiíi

Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

☎ **480 8020**

FYLGD

Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRAG AF VINATTU!

Fæst hjá BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílruðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FYLGD

Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is